



LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTAÐIR



6. september – 12. október 2003

Sæmundur Valdimarsson



Jón Óddur og Jón Bjarni, 2001

BÖRNIN HANS SÆMUNDAR

Styttur Sæmundar Valdimarssonar eru langt í frá ágeng verk. Þó eru þær með ákveðna tilætlunarsemi innbyggða. Þær gera kröfur til þeirra sem taka þær í fóstur, vilja að þeim sé sýnd tilhlýðileg virðing, að staðsetning á heimili sé þeim að skapi, viðmót heimilisfólksins sömuleiðis. Í staðinn taka þær að sér að vaka yfir mannfólkinu, eins og húsguðir til forna. Sérhver eigandi þeirra kemst fljótt að því að þær líta ekki af honum. Þær senda honum elskulegar augnagotur, angurvær augnarád eða spurul, allt eftir því hvernig honum er innanbrjóstis. Og þegar þeim er snúð til veggjar fyrir tilviljun eða ásetning, stafar af þeim þögull hryggð barns sem haft hefur verið fyrir rangri sök.

Það er einmitt í blendingi hins barnslega og erkitýpiska sem áhrifamáttur þessara mynda liggur. Öðrum þræði eru þær framlenging á upptýppingunum sem fylgt hafa þjóðum heims frá örófi alda, sem í frumgerð sinni hlutgera uppréttan manninn og löngun hans til að verða eitt með almættinu hið efra. Þær eiga sér hliðstæður í öndvegissúlunum, tótemsúlum frumþjóða og hofróðum Grikkja. Um leið fela þær í sér eftirsjá gamals sveitamanns eftir æskunnar Paradis, þegar tilveran var einföld, tilfinningar einlæggar og einlæginn sönn.

SÆMUNDUR'S CHILDREN

Sæmundur Valdimarsson's statues are by no means aggressive works. Yet they are quite demanding in their unassuming way. They make demands of those who have elected to foster them, expect to be treated with a modicum of respect, given a place of honour in the home and proper consideration by the household. In return they watch over homes like the domestic deities of old. Their owners soon realize that they are being observed. The statues send them loving looks, wistful or inquisitive gazes, depending on the mood of the owners. And when these statues are turned to the wall, either on purpose or by accident, they exude the silent sorrow of children who have been wrongly accused of something.

It is in this fusion of the childlike and the archetypal that the power of these works lies. On the one hand they are an extension of the upright structures that have been used by different cultures from time immemorial to objectify Homo Erectus and his desire to become one with the almighty on high. Their counterparts are the Viking pillars, totem poles of indigenous peoples and the caryatids of ancient Greek temples.

They also embody an old peasant's nostalgia for youth's utopian state, when life was simple, feelings were sincere and sincerity was real.

Sæmundur's statues are either male, female, hermaphroditic or androgynous, depending on the type or cut of the wood he is working on. But they are first and foremost children, or perhaps a special breed of an Icelandic elf, essentially youngsters caught between childhood and adolescence, big-boned and fuzzy-cheeked lads with large, inquisitive eyes and overgrown girls. And even though the girls may have suddenly grown breasts with rose-red nipples and the lads sport genitals, they are in essence prelapsarian. The loving gaze they direct at one another is pure and untainted, without a hint of sexual longing.

Like all children, Sæmundur's offspring love dressing up and pretending to be grown up. The girls pretend to be heroines from the Sagas such as Guðrún Ósvífurisdóttir or Halgerður Langbrók or little princesses with elaborate coiffures. These coiffures are a reminder that Sæmundur grew up in the Thirties and Forties when popular films featured a lot of women with big hair and extravagant hats.

Styttur Sæmundar eru ýmist karlkyns, kvenkyns, tvíkynja eða hvorugkyns, allt eftir því hvernig viði og kvisti hann er með í höndunum. En þær eru fyrst og fremst börn, eða kannski séríslenskt álfakyn sem varðveitt hefur æskulómánn að eilífu. Jafnvel mannhæðarháar styttur hans koma áhorfandanum fyrir sjónir sem ungiði á mörkum barndóms og gelgjuskeiðs, stórbeinóttir og skegglausir piltar með ungæðislega spurn í stórum augunum eða stúlkur sem ofvöxtur hefur hlaupið í. Og þótt stúlkunum hafi skyndilega vaxið brjóst með rósrauðum geirvörtum og piltarnir skarti kynfærum, er þeim ókunnugt um syndafallið og afleiðingar þess. Sú ást sem birtist í augnsvip þeirra eða fasi er hrein og tær, án kynferðislegar ilöngunar.

Eins og öll börn hafa þessi afkvæmi Sæmundar yndi af því að klæða sig upp og fara í fullorðinsleiki. Stúlkurnar leika Guðrúnu Ósvífursdóttur, Hallgerði langbrók eða prinsessur með allavega uppsett háir. Hárgreiðsla stúlkanna minnir okkur á að Sæmundur er alinn upp á fjórða og fimmta áratugnum, þegar kvikmyndir voru uppfullar af konum með stórbrotna hatta og mikilfenglega hárskúlpútra. „Drottningin af Saba“ (1988), höggmynd af stúliku með ávaxtakörfu á höfði, gæti sem best verið kankvís hylling sjálfrar hattadrottningarinnar, Carmen Miranda.

Höggmyndir Sæmundar eru að miklum meirihluta af stúlkum, en piltar hans taka einnig þátt í fullorðinsleikjum. Þeir leika goðsagnarverur, kannski Þór með hamar sinn (1986), hetjur úr Íslendingasögum eins og Gunnar eða Skarphéðinn með hjálma sína (1992) eða nútímahetjur, sjá „Geimfarann“ frá 1989. Þess á milli gerir Sæmundur piltana að tákmyndum svokallaðra „karlmannlegra“ dyggða: metnaðar, framtakssemi og áræðis.

Fyrir Sæmundi er náttúran ævinlega kvenkyns, sjá stúlknamyndir á borð við „Móður náttúru“ frá 1992. Og lýsingar hans á tilfinningalegu ástandi, til að mynda afbrýði, eftirlöngun, angurværð eða samúð, taka undantekningarlítið á sig kvenmannsmynd. Ef til vill er það í þeim ástands- og tilfinningalýsingum sem knappur still þessara höggmynda nýtur sín til fullnustu. Án handleggja eru þær fæddar til að vera, ekki gera.

En þrátt fyrir „kyrr kjör“ þeirra og óræð svipbrigði láta þessar höggmyndir margt uppi um innræti og líffskoðanir höfundar síns. Eins og ráða



Gleði, 2001

“The Queen of Sheba” (1988), a sculpture of a girl with a fruit-basket balanced on her head may well be a humorous reference to the unchallenged Queen of Hats, Carmen Miranda.

A greater part of Sæmundur’s sculptures may be female, but his boys also act out their fantasies. They pretend to be

mythical characters, perhaps Thor with his hammer (1986), heroes from the Icelandic Sagas such as Gunnar or Skarphéðinn, or modern day heroes, see his „Astronaut“ of 1989. In between Sæmundur may turn his boys into symbols of „masculine“ virtues such as ambition, initiative and courage.

To Sæmundur, nature is always a female entity, see his „Mother Nature“ of 1992. When describing emotional states – jealousy, longing or wistfulness – he turns them into females. Perhaps it is in these sculptures that Sæmundur’s concise style really comes into its own. After all, being as they are without arms, these figures are born to being, not doing, something.

But despite their calm demeanour, their somewhat impenetrable expressions, these sculptures reveal a great deal about their creator’s disposition and principles. As is obvious from the above, Sæmundur’s art is characterized by a profound reverence for children, their innocence and sincerity. In his sculptures, happiness is frequently seen as the result of the affection of two or more individuals. It is also obvious from the titles that Sæmundur gives his sculptures that he sees children as the key to the good life. For him, children are always a blessing, whether they are born in his backyard or in darkest Africa.

The titles are also an indication of other issues that are close to Sæmundur’s heart. He hates injustice, likewise any attempt to curb the natural appetites of the innocent, see stern images of his entitled „Injustice“ (1976) and „Political Prisoners“ (1993). Consequently he is no friend to those who oppress

ÆVIÁGRIP / BIOGRAPHY

Sæmundur Valdimarsson fæddist árið 1918 að Krossi á Barðaströnd þar sem hann ólst upp og bjó til fullorðinsára. Hann gekk í flest störf á býli foreldra sinna og um leið og hann hafði aldur til fór hann á vertíð. Árið 1947 kvæntist hann Guðrúnu Magnúsdóttur frá Langabotni í Arnarfirði. Eftir tvær tilraunir til að setjast að á bernskuslóðum stofnuðu þau heimili í Reykjavík.

Sæmundur tók þátt í byggingu Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi og vann þar sem vélagæslumaður til starfsloka.

Sæmundur hóf að gera stytur úr rekavið snemma á áttunda áratug síðustu aldar og á því að baki 30 ára feril sem myndlistarmaður. Eftir hann liggja um það bil fimm hundruð stytur úr margs konar viðartegundum, fagurlega tálgaðar, mótaðar og skreyttar.

Sæmundur Valdimarsson was born in 1918 at Kross, Barðaströnd where he grew up and lived into his late twenties. He worked on his parents' farm and also became a seasonal fisherman when he was old enough. In 1947 he married Guðrún Magnúsdóttir from Langabotn in Arnarfjörður. After two attempts to build their home in the area where they grew up they settled in Reykjavík.

Sæmundur worked on the construction of the fertilizer plant in Gufunes and made his career there as a machinist.

Sæmundur began creating his driftwood figures in the early nineteen eighties, and has now worked on his art for thirty years. He has created around five hundred sculptures, beautifully carved from many kinds of wood, molded and decorated.



Bláskja gefið nafn.

INNGANGUR

Sýning verka Sæmundar Valdimarssonar í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum að þessu sinni er í raun margfaldur fagnaðarfundur. Listamaðurinn hélt nýlega upp á áttatíu og fimm ára afmæli sitt, nú eru þrjátíu ár frá því hann hélt sína fyrstu einkasýningu, og tíu ár frá síðustu sýningu hans á Kjarvalsstöðum.

Það er enginn leyndardómur hvers vegna höggmyndir Sæmundar hafa frá fyrstu tíð notið þeirra vinsælda sem raun ber vitni. Þær fjölbreyttu persónur sem listamaðurinn hefur laðað fram úr rekaviðnum frá skógum Siberíu verða persónulegir vinir allra sem þær líta, hluti af fjölskyldunni þar sem þær búa og vísa öllum sem þeim kynnast áleiðis til systranna gleði, vonar og kærleika.

Þessir eiginleikar höggmynda Sæmundar Valdimarssonar smita út frá sér, og það er víst, að allir sem munu dvelja um stund meðal þeirra á Kjarvalsstöðum munu yfirgefa safnið léttir í lung og frískir í spori.

*Eiríkur Þorláksson,
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur*

INTRODUCTION

The exhibition of the works of Sæmundur Valdimarsson in the Reykjavík Art Museum – Kjarvalsstaðir at this time is a special celebration for many reasons. The artist just celebrated his 85th birthday, there are thirty years since he held his first private exhibition, and ten years from his last exhibition at Kjarvalsstaðir.

It is no secret why the sculptures by Sæmundur have been so popular from the first time they were exhibited. The multitude of personalities that the artist has brought out of the driftwood from the forests of Siberia become personal friends to all that see them, a part of the family where they live and show all those that are introduced to them the way to the three sisters of joy, hope and love.

These characteristics of Sæmundur Valdimarsson's sculptures are catching, and it is certain that all who spend some time among them at Kjarvalsstaðir will leave the museum in a lighter mood than before and with a spring in their step.

*Eiríkur Þorláksson,
Director of Reykjavík Art Museum*

Kjarvalsstaðir

Flókagötu - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 517 1290 Fax: (354) 562 6191

Opið daglega / Open daily 10-17

Leiðsögn alla sunnudaga kl. 15

Fastasýning / Permanent exhibition

Myndir úr Kjarvalssafni / Works from the Kjarval Collection

Sunnudagur 28. september kl. 15

Listamannspjall

Eyjólfur Einarsson tekur þátt í leiðsögn um sýningu sína Hringekjur lífsins.

Sunnudagur 5. október kl. 10 - 17

Lesið í skóginn og tálgað í tré

Í tilefni sýningar á skulptúrum Sæmundar Valdimarssonar verður haldið námskeið í tréskurði þar sem ytra form og innri gerð trátægunda eru skoðuð og notuð sem uppspretta hugmynda. Námskeiðið er haldið í samstarfi við Skógærkt ríkisins.

Hafnarhús

Tryggvagötu 17 - 101 Reykjavík

Sími/Tel: 590 1200 Fax: 590 1201

Opið daglega / Open daily 10-17

Leiðsögn alla sunnudaga kl. 15

Fastasýning / Permanent exhibition

Erró – Stríð / Erró - War

Verk úr safneign / From the Collection.

Sunnudagur 7. september kl. 15

Leiðsögn

Magnús Pálsson og Helga Hansdóttir taka þátt í leiðsögn um sýningu sína Viðtöl um dauðann og ræða efni hennar við gesti safnsins.

Sunnudagur 14. september kl. 15

Sýningarstjóraspjall

Þorbjörg B. Gunnarsdóttir sýningarstjóri kynnir verk Erró og skoðar sýninguna Stríð með gestum safnsins.

Föstudagur 19. september kl. 20

Fyrirlestur

Í tilefni afmælissýningar byggingarlistardeildar flytur hinn viðkenni arkitekt Carlos Zapata fyrirlestur um eigin verk.

Sunnudagur 21. september kl. 14

Sýningarstjóraspjall

Niels Hafstein sýningarstjóri skoðar sýninguna Yfir bjartsýnisbrúna ásamt gestum.

Sunnudagur 21. september kl. 15

Listamannspjall

Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson taka þátt í leiðsögn um sýningu sína Vöggvísur.

Sunnudagur 28. september kl. 15

Sýningarstjóraspjall

Pétur H. Ármannsson deildarstjóri byggingarlistardeildar annast leiðsögn um sýninguna Úr byggingarlistarsafni.

Miðvikudagur 1. október kl. 20

Fyrirlestur

Í tilefni af alþjóðlegum degi byggingarlistar er boðið til fyrirlestrar um ævi og störf arkitektsins Sigvalda Thordason sem dóttir hans, Albína Thordason flytur.

Ásmundarsafn

Sigtúni - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 553 2155 Fax: (354) 590 1201

Opið alla daga / Open daily

1. maí - 30. september 10-16

1. október - 30. apríl 13-16

Fastasýning / Permanent exhibition

Ásmundur Sveinsson - Nútímamaðurinn / The Modern Man

Sunnudagur 26. október kl. 15

Pétur H. Ármannsson deildarstjóri byggingarlistardeildar leiðir skoðunarferð um Ásmundarsafn, ræðir byggingarsögu hússins og kynnir hugmyndir Ásmundar Sveinssonar um byggingarlist.

Aðgöngumiðinn gildir samdægurs í öll hús.

The admission ticket is valid on the same day for all three houses.

Veitingastofur Kjarvalsstaða og Hafnarhússins eru opnar á opnunartíma safnanna.

Cafés at Kjarvalsstaðir and Hafnarhús are open during museum hours.